

REGLUGERÐ

um hámarksfjölda leigubifreiða til sendibifreiðaaksturs á félagssvæði Jaka, félags sendibifreiðastjóra í Vestmannaeyjum.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til félagssvæðis Jaka, félags sendibifreiðastjóra í Vestmannaeyjum.

2. gr.

Fjöldi leigubifreiða til sendibifreiðaaksturs takmarkast við hámarkstöluna 4. sbr. þó 8. gr. laga nr. 36 frá 9. maí 1970. Tölu þessa má endurskoða á tveggja ára fresti. Áður en ákvörðun er tekin um nýja hámarkstölu skal leita umsagnar Jaka, félags sendibifreiðastjóra og bæjarstjórnar Vestmannaeyja.

3. gr.

Það telst leiguakstur þegar sendibifreið er seld á leigu ásamt ökumanni til flutninga á vörum fyrir tiltekið gjald, þar sem ökumaður eða eigandi bifreiðarinnar er hvorki eigandi, seljandi né kaupandi vörunnar sem flutt er.

Sendibifreiðar félagsins skulu auðkenndar með sérstöku merki.

4. gr.

Verði leigubifreiðar færri en fjórar skal þeim fjölgað í þá tölu aftur samkvæmt umsóknum sem teknar skulu til greina eftir lengd biðtíma og tímaröð.

Hafi maður sem fengið hefur inngöngu í félagið ekki eignast sendibifreið og hafið leiguakstur á henni innan fjögurra mánaða frá inntöku hans í félagið falla félagsréttindi hans sjálfkrafa niður.

Reglugerð þessi tekur ekki til sendibifreiða sem eru í eigu einstakra fyrirtækja og eigi eru notaðar til leiguaksturs.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 36 frá 9. maí 1970, um leigubifreiðar, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 15. ágúst 1985.

Matthías Bjarnason.

Sigurður Skúli Bergsson.